

REGLUR

um breytingu á reglum um smíði og búnað báta með mestu lengd allt að 15 metrum nr. 592/1994 með síðari breytingum.

1. gr.

1. gr. í kafla V-12 um vistarverur vinnubáta orðast svo:

- 1.1 Hver bátur sem er lengri en 10 metrar að mestu lengd skal búinn minnst einu salerni.
- 1.2 Í bátum, lengri en 10 metrar að mestu lengd, sem notaðir eru til farþegaflutninga skulu öll salerni vera í sérstökum rýmum með læsanlegum hurðum. Salerni skulu vera vel lýst og loftræst og á hverju salerni skal vera handlaug með rennandi vatni og frárennsli.
- 1.3 Í bátum, lengri en 10 metrar að mestu lengd, sem ekki eru notaðir til farþegaflutninga er ekki nauðsynlegt að salerni sé í sérstöku rými með læsanlegri hurð. Heimilt er að nota ferðasalerni á þessum bátum. Þó skal þess gætt að salernið sé vel loftræst og aðskilið frá matargeymslum.

2. gr.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í lögum um eftirlit með skipum nr. 35 frá 30. apríl 1993 með síðari breytingum, öðlast þegar gildi og fella um leið úr gildi reglur nr. 489/1999.

Samgönguráðuneytinu, 25. júlí 2006.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.